

LAXÁ Í SKEFILSTAÐAHREPPI 1988

Tumi Tómasson

Hólum, apríl 1989

VMST-N/89007X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

LAXÁ Í SKEFILSTAÐAHREPPI 1988

INNGANGUR

Þann 7. ágúst 1988 var gerð athugun á seiðastofnum Laxár, líkt og gert hefur verið á undanförunum árum. Alls var rafveitt á 12 stöðum, og var þá veitt á einum nýjum stað (6a) en aðrir staðir voru þeir sömu og áður (Mynd 1).

Eins og fyrr var markmið þessara athugana að kanna vöxt og útbreiðslu laxaseiða af mismunandi árgöngum og uppruna (náttúruklak, eldi). Náttúruleg nýliðun hefur verið lítil í Laxá á undanförunum árum og ekki hafa fundist nein náttúruleg seiði fyrir framan Illugastaði s.l. 4 ár. Haustið 1987 var þó vitað um lax þar eftir að veiðitímanum lauk.

Sumarið 1988 var sleppt í ána 8000 seiðum af stofni Laxár í Refasveit. Þeim var sleppt á grýttan kafla neðst í ánni (1500 seiði), ofarlega í Grímsá (500 seiði) og fyrir framan Engjalæk og fram eftir ánni (6000 seiði).

Rafveiðarnar gengu mjög vel. Vel viðraði til veiðanna og vatn var mátulegt í ánni.

NIÐURSTÖÐUR

Lengdar- og aldursdreifingu veiddra seiða er að finna í Mynd 2 og yfirlit um fjölda veiddra seiða í Töflu 1. Á stað 9, neðsta veiðistaðnum, fundust náttúruleg 1+ seiði og 0+ sleppiseiði sem hafa nánast sömu lengdardreifingu. Líklega voru sleppiseiðin þó í meirihluta.

Náttúruleg vorgömul seiði fundust þessu sinni víða um ána og má búast við að á næsta sumri munu þau verða dreifð um mestallan laxgenga hluta árinna.

Sleppiseiðin frá 1986 eru enn í ánni, en reikna má með að einhver hluti þeirra hafi gengið til sjávar fyrr um sumarið. Flest þeirra sem eftir eru munu væntanlega ganga til sjávar nú í sumar. Seiðin sem sleppt var 1985 í Engjalæk og Grímsá eru nú nánast öll farin.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri í Laxá í Skefilstaðahreppi 7. ágúst 1988.


Staður	Stærð veiðisv	Fjöldi veiddra seiða á 100 m ²					
		0+n	0+ss	1+	2+	3+	4+
1	40x12	1.7	1.0	-	1.3	-	-
2	40x10	-	3.3	-	2.5	-	-
3	35x8	-	4.6	-	2.1	0.4	-
4	40x12	-	-	1.2	1.0	-	-
5	40x12	-	-	5.0	-	-	-
6	28x13	12.1	-	4.7	-	0.6	-
6a	25x12	-	-	7.0	2.3	-	-
7	50x8	17.0	-	3.0	1.0	-	-
8	20x10	3.0	-	8.0	0.5	-	-
9	40x16	0.8	5.3	3.4	-	-	1.3
10	30x3	-	-	-	-	6.7	-
11	50x4	-	5.5	-	-	-	-

ÁLYKTANIR


Á allra næstu árum munu laxgöngur í Laxá að mestu eiga uppruna sinn í sleppiseiðum. Hinsvegar hefur hrygning tekist vítt og breitt um ána haustið 1987 og því er ekki ástæða til að sleppa seiðum á laxgöng svæði í sumar. Þar sem hrygning er greinilega mikil (staðir 6 og 7) er jafnvel óæskilegt að hún verði árviss.

Einhverjar seiðasleppingar koma til greina í Engjalæk og fyrir ofan fossinn í Grímsá, svona 7-800 seiði í Grímsá og 2-300 í Engjalæk. Nokkuð góður árangur hefur nýverið náðst með gönguseiðasleppingum í ýmsar ár norðanlands. Þetta er möguleiki sem skoða mætti aftur á næstu árum í Laxá.

SKYR89
LAXSKEF.88
030489



Mynd 1. Yfirlit á staðsetningu rafveiðistaða í Laxá í Skefilsstaðahreppi, ágúst 1988.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Skefilstaðahreppi 7. ágúst 1988. Staðsetning veiðistaða er gefin upp í Mynd 1, ss táknar sleppi-seiði og n táknar að seiðin séu úr náttúruklaki.